

REGLUR
um stærð og frágang minnismerkja og umgengni
í Sauðárkróskirkjugarði nr. 462/2019.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

■ Reglur þessar taka til umgengni í Sauðárkróskirkjugarði og allra minnismerkja í skilningi laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, sbr. einnig 9. gr. þessara reglna. Stjórn Sauðárkróskirkjugarðs fer með framkvæmd reglnanna. Stjórnin má fela umsjónarmanni kirkjugarðsins framkvæmd einstakra þátta.

II. KAFLI

Almennar reglur um umgengni.

2. gr.

■ Kirkjugarðar eru friðhelgir samkvæmt lögum og því er sérhver hávaði og ys bannaður. Öllum er frjálst aðgangur að kirkjugarðinum með þeim takmörkunum sem af þessum reglum leiða.

□ Öll umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð nema með sérstöku leyfi hverju sinni.

□ Ekki er heimilt að taka með sér hunda inn í garðinn.

□ Öllum er heimill aðgangur að snyrtingum í kirkjugarðshúsi á auglýstum opnunartíma.

3. gr.

■ Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðsins mold, jurtaleifar eða nokkuð sem veldur óprýði eða truflun. Ílát fyrir slíkt er við þjónustuhús kirkjugarðsins.

4. gr.

■ Óheimilt er að gróðursetja tré á leiði. Hafa skal samráð við umsjónarmann garðsins um alla gróðursetningu fjölæringa og runnaplantna.

5. gr.

■ Gróður á leiðum er á ábyrgð aðstandenda en þó hefur umsjónarmaður kirkjugarðsins forsjá og getur snyrt og/eða fjarlæggt gróður valdi hann óþægindum eða hættu. Hafa skal samráð við aðstandendur eins og framast er unnt.

6. gr.

■ Óheimilt er að fjarlægja minnismerki eða varanlega hluti af grafreit án leyfis umsjónarmanns kirkjugarðs.

7. gr.

■ Kransa eða aðrar skreytingar frá jólahaldi skal fjarlægja fyrir 1. apríl ár hvert.

III. KAFLI

Minnismerki.

8. gr.

■ Markmið reglna þessara er að tryggja að legsteinar og trékrossar séu settir niður á grafreiti með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglurnar stærðar- og umfangsmörk minnismerkja á grafreitum.

□ Ekki má setja girðingar úr steini, málm, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Þá er ekki heimilt að reisa grafhýsi.

9. gr.

■ Í reglum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Minnismerki: Samheiti fyrir legsteina, krossa o.fl., sem reist eru á grafreitum.

Legsteinn: Minnismerki úr steini sem ber nafn eða nöfn þeirra er hvíla í grafreit og grafskrift.

Púltsteinn: Ferkantaður legsteinn sem liggur láréttur á jörðu og með skáhallandi leturfleti með nöfnum og grafskrift.

Náttúrusteinn: Legsteinn eða púltsteinn sem ekki hefur verið slípaður.

Platti: Niðurgrafin undirstaða legsteins úr járnbentri steinsteypu.

Undirsteinn: Undirstaða eða sökkull legsteins, oft úr sama efni og legsteinninn sjálfur, og er lögð í jarðvegsyfirborð eða ofan á platta.

Grafreitur: Samheiti fyrir kistugrafstæði og duftgrafstæði.

Kistugrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar látins einstaklings eða látinna einstaklinga.

Duftgrafstæði: Afmarkaður reitur í kirkjugarði sem úthlutað er af kirkjugarðsstjórn til aðstandenda til greftrunar á duftkerjum með ösku látins einstaklings eða látinna einstaklinga að lokinni líkbrennslu.

10. gr.

■Peir aðstandendur sem hyggjast setja minnismerki á grafreit skulu tilkynna það umsjónarmanni kirkjugarðsins. Minnismerki og uppsetning þeirra er alfarið á ábyrgð aðstandenda og á kostnað þeirra. Minnismerki úr plasti eru ekki leyfileg. Leyfilegt er að setja upp bráðabirgðamerkingar á grafir, s.s. trékrossa á kistugrafir eða svonefnd púlt úr krossviði á tveimur tréhælum með áföstu skilti á duftgrafir. Umsjónarmaður kirkjugarðsins skal veita aðstandendum leiðbeiningar varðandi reglur þessar sé þess óskað. Kirkjugarðsstjórn er heimilt að færa uppsetningu minnismerkja til samræmis við reglur þessar eftir að tilkynning hefur verið send aðstandendum um að þeim beri að færa minnismerki til réttis horfs. Í slíkri tilkynningu skal tilgreindur hóflegur frestur til þess að ljúka framkvæmdum. Aðstandendur skulu bera allan kostnað sem hlýst af tilfærslu legsteina sem ekki eru settir upp í samræmi við reglur þessar. IV. KAFLI Kistugrafstæði.

11. gr.

■Umsjónarmaður kirkjugarðsins markar grafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Heimilt er að jarðsetja duftker í kistugrafstæði sem þegar hefur verið jarðsett í.

12. gr.

■Hámarksbreidd legsteins á einfalt grafstæði er 0,8 metrar, að meðtöldum undirsteini, en 1,8 metrar ef legsteinn nær yfir tvö grafstæði. Nái legsteinn yfir fleiri en tvö grafstæði skal þess gætt að steinninn fari ekki nær næstu grafstæðum til hvorrar handar en nemur 0,3 metrum. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðar er 1,7 metrar. Allir legsteinar aðrir en púltsteinar skulu standa á platta. Til stuðnings legsteinum sem eru 1,4 metrar eða hærrí er skylt að setja platta. Skal þykkt plattans vera a.m.k. 10 sentimetrar, sem næst ferhyrndur, og skal hlutfallsleg stærð hans samsvara 0,5 fermetrum á hvern metra af hæð legsteinsins. Standi legsteinn á platta skal staðsetja legsteininn sem næst miðju plattans.

13. gr.

■Skylt er að hafa jarðvegsskipti undir legstein. Skal grafa 0,6 metra undir jarðvegisyfirborð fyrir legstein og a.m.k. 0,1 metra út fyrir undirstöðu legsteins á alla kanta. Eftir að legsteini hefur verið komið fyrir skal leggja að frostfrítt efni og þjappa vel að legsteininum. Sömu aðferð skal beitt ef undirstaða legsteins er platti.

V. KAFLI

Duftgrafstæði.

14. gr.

■ Umsjónarmaður kirkjugarðsins markar duftgrafstæði og línu í þau sem miða skal bakhlið legsteins við. Legsteinar og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan marka grafstæðis. Legsteinar á duftgrafstæðum skulu einkum vera púltsteinar. Staðsetja skal púltstein fyrir miðju grafstæðis við hina afmörkuðu línu fyrir bakhlið. Einnig er heimilt að setja náttúrustein eða steyptan púltstein með steyptri málmplötu á duftgrafstæði, enda liggi hann þá flatur og sé innan sömu stærðarmarka og púltsteinar. Ef náttúrusteinn er þykkari en 0,2 metrar skal þess gætt við uppsetningu að hæð frá yfirborði sé í samræmi við reglur. Einfalt duftgrafstæði er að lágmarki 0,75 x 0,75 metrar, tvöfalt duftgrafstæði er 0,75 x 1,5 metrar og fjórfalt duftgrafstæði er 1,5 x 1,5 metrar.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

15. gr.

Setja má trékross á alla grafreiti þar sem ekki er minnismerki. Trékrossar skulu vera úr gegnheilum fúavörðum við. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafstæði er 1,3 metrar frá jörðu en 0,5 metrar á duftgrafstæði.

16. gr.

Öll samskeyti á legsteinum eiga að vera límd saman með viðurkenndu límfefni. Þegar legsteinar að viðbættum platta eru hærri en 0,8 metrar skulu allar samsetningar vera teinaðar saman með ryðfríum stálteinum. Teinarnir límast inn í steinhlutina með tveggja þátta steinlími.

17. gr.

Þegar ekki hefur verið hirt um grafreit samfellt í 5 ár er kirkjugarðsstjórn heimilt að gera ráðstafanir þar að lútandi, t.d. með því að slétta eða tyrfa grafreitinn.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af grafreitum óviðeigandi girðingar og minnismerki í samræmi við 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Vandamönnum skal í slíkum tilvikum gert viðvart, sé þess kostur, og samráð haft við prófastinn í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

19. gr.

Umsjónarmenn kirkjugarðsins bera ekki skaðabótaskyldu ef minnismerki eða annað sem á grafstæði kann að vera skemmist eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

20. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

21. gr.

Í sérstökum tilvikum getur kirkjugarðsstjórn heimilað aðrar gerðir minnismerkja en kveðið er á um í reglum þessum.

22. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna má skjóta þeim málum til úrskurðar kirkjugarðaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun kirkjugarðsstjórnar.

23. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt tillögu stjórnar Sauðárkróskirkjugarðs með heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 öðlast þegar gildi.